



Svarbréf Bjarna þann 11.júlí 1936 og stjórnar byggingarfélagsins 18. Júlí 1936

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Byggingarfélag Alþýðu – Húsnæðis kaup – Carl Löve

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 11. júlí 1936.

Til
stjórnar Byggingarfélags alþýðu.

Hr. Carl Löve, Framnesveg 16 hér í bæ, hefur með bréfi dags. 8. .m. snúið sér til mín sem eftirlitsmanns Reykjavíkurbæjar með Byggingarfélagi alþýðu og borið sig upp undan því, að hann hafi verið beittur órétti af stjórn félagsins við úthlutun íbúða í hinum nýju húsum, sem félagið er nú að láta byggja.

Efni umkvörtunar hans er það, að hann hafi ekkert svar fengið við umsókn sinni um íbúð. Þá segir hann og, að er hann hafi þrútt fyrir þetta komið á skrifstofu félagsins og boðið fram fyrstu greiðslu, þá hafi verið neitað að taka við greiðslunni nema hann legði fram ábyrgð fyrir síðari greiðslu. Telur hann, að sér hafi enginn frestur verið settur um þetta, og leggur fram því til styrktar vottorð tveggja manna, sem segjast hafa verið heyrnervottar að því, sem fram fór á skrifstofunni að þessu sinni, og staðfestir umsögn þeirra skýrslu hr. Carls Löve. Nokkru síðar segist hann svo hafa fengið bréf frá ritara félagsins um að, þar sem tími sé verið liðinn, sem honum hefi verið settur til þess að útvega tryggingu fyrir síðari greiðslunni, þá væri íbúðin öðrum seld, og gæti hann því ekki fengið íbúð, að þessu sinni. En bréf þetta segir hr. Carl Löve skrifað sömu dagana og verið var að útvega þessa ábyrgð hjá bæjarsjóði Reykjavíkur og eftir, að formanni félagsins hr. Hólmi Valdimarssyni hafi verið orðið kunnugt um, að ábyrgðin mundi fást mjög bráðlega, sem og varð.

Þar sem það virðist tilgjafa verkahring mínum að fá þetta mál upplýst, leyfi eg mér hér með að óska umsagnar stjórnar Byggingarfélags alþýðu um þessa kvörtun hr. Carls Löve. Jafnframt óska eg gagna um, að allir þurfalingar bæjarinn, sem sóttu um íbúðir, hafi verið látnir sata sömu skilyrðum og hr. Carl Löve.

Virðingarfyllt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BYGGINGAFÉLAG ALPÝÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 18. júlí 1936

Hr. prófessor Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Út af heiðruðu bréfi yðar, dagsettu 11. þ.m., þar sem þér sem eftirlitsmaður Reykjavíkurbæjar með Byggingarfélagi alpýðu, óskið umsagnar stjórnar félagsins um umkvartanir hr. Carl Löve, Framnesveg 16, hér í bæ, útaf viðskiftum hans við félagið, leyfum vér oss að gefa eftirfarandi umsögn:

Er félagsstjórnin auglýsti eftir umsóknum um íbúðir í nýbyggingum félagsins var þess jafnframt óskað, að umsækjendur skýrðu frá möguleikum sínum til að standa við kaupin og gæfu nauðsynlegar upplýsingar og tryggingar í því skyni. Komu umsækjendur út af þessu til formanns félagsins og gáfu honum nauðsynlegar upplýsingar og tryggingar í þessu skyni, þeir sem það gátu, en sumir gátu ekki gefið neina fullvissu um að þeir gætu staðið við umsóknir sínar og, var þeim skýrt frá, að þá gætu þeir heldur ekki fengið loforð fyrir þeim. Félagsstjórnin lét sérstaklega rannsaka á skrifstofu bæjarins hverir væru styrkþegar bæjarins og krafðist að sjálfsögðu sérstakrar tryggingar fyrir því fyrirfram, að þeir stæðu við afborganir sínar, auk þess sem þeim var skýrt frá því, að áður en þeir flyttu í húsin, þó að þeir gæfu fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu framlagsins til íbúðarinnar, yrðu þeir að útvega ábyrgð bæjarins fyrir mánaðargjöldum þeirra til félagsins vegna íbúðarinnar. Húsunum var svo úthlutað eftir númeraröð félagsmanna, sem er eftir inngöngu þeirra í félagið.

Hvað Carl Löve snertir, þá kom hann, eins og aðrir, til formanns eftir kvaðningu og skýrði frá því að hann hefði von um að fá lán úr

BYGGINGAFÉLAG ALÞÝÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 18/7/36

bæjarsjóði til greiðslu fyrsta hluta framlagsins, sem greiðast átti í síðasta lagi 6. júní, en óskaði eftir vinnu fyrir son sinn til að greiða upp síðari framlög. Enda þótt umsækjendur sitji yfirleitt fyrir vinnu við byggingarnar er þeim aldrei lofað fyrirfram vinnu fyrir tiltekinn tíma né upphæð, og auk þess þykir ekki rétt að taka aðra umsækjendur íbúða í vinnu en þá, sem sýnt hafa fullnægjandi gögn fyrir því að þeir mundu standa í skilum með afborganir, hvernig sem yrði um vinnuna, þar sem það hefir komið fyrir að menn hafa á þenna hátt áður náð í vinnu, en hlápuð svo frá íbúðakaupum og hafa þeir, sem keypt hafa íbúðina, þá notið því minni vinnu, sem orðið hefir að miðla. Af þessari ástæðu, og þá einkum vegna þess að Carl Löve er styrkþegi Reykjavíkurbæjar, var hann krafinn um, auk þess að greiða fyrstu afborgun í tíma, fyrir þann tíma að setja tryggingu fyrir greiðslu tveggja hinna síðari. Hann tók þessu mjög illa og kvað eiga að beita sig hörðu vegna þess að hann ætti í útistöðum við tvo nafngreinda menn, sem ekki eru á neinn hátt riðnir við félagið, enda mál þeirra því að öllu óviðkomandi. En þó taldi hann ekki ómögulegt að sér mundi takast að útvega þessar tryggingu hjá bænum.

Í gjalddaga kom hann að vísu á skrifstofu félagsins og bauð fram greiðslu á einum þriðjung framlagsins, en þegar neitað var að taka við greiðslunni, nema tryggingar fylgdu fyrir hinum tveimur þriðjungum, þá bauð hann engar tryggingar fram, en tók að eins votta að þessu og gekk svo burtu.

Nú átti að byrja á byggingunum þegar eftir/gjalddaginn ^{að} var liðinn og sýnt hverir stæðu við loforð sín, og jafnframt skyldi þá úthlutað þeim íbúðum, sem lausar voru eftir. Félagsstjórnin lét þó

BYGGINGAFÉLAG ALPÝÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 18/7/36

nokkra daga líða áður en þeim, sem ekki höfðu getað staðið við greiðslur, eða sýnt tryggingar, yrði tilkynnt að þeir fengju ekki íbúð, en nokkrum dögum síðar var send út tilkynning um það, þ.á.m. til Carl Löve, og sama kvöldið úthlutað síðustu íbúðunum til þeirra, sem næstir voru í röðinni.

Formaður félagsins hafði 2-3 dögum áður en gjalddagi kom, talað í síma við hr. bæjarráðsmann Jakob Möller, um Carl Löve og umsókn hans og sýrt honum frá því að hann yrði að útvega tryggingu fyrir framtíðargreiðslu í gjalddaga. Hafði J. Möller sagt að líklegt væri að sú ábyrgð mundi verða gefin, en gat þó engu um það lofað, en þar sem Carl Löve kom ekki með neinar tryggingar í gjalddaga, né nein loforð um að koma með þær síðar, og enn liðu nokkrir dagar án þess að hann léti til sín heyra, þótti algerlega ástæðulaust að bíða lengur sérstaklega hans vegna, er fjöldi manna sóttu á um að fá íbúðir, með peningana í höndumum og hinir ábyggilegustu í hvívetna.

Að því er félagsstjórninni skilst er það ekki fyr en þó nokkrum tíma eftir að síðustu íbúðunum var úthlutað, að Carl Löve fékk ábyrgð hjá bæjarráðinu fyrir greiðslu alls framlagsins.

Aðrir styrkþegar bæjarins, sem sóttu um íbúðir, og voru svo snemma í röðinni að þeir komu til mála að fá þær, voru þeir Einar Angantýrsson, Grundarstíg 3 og Guðmundur Gíslason, Framnesveg 27. Voru þeim gerðar sömu kröfur af hálfu félagsstjórnar um greiðslu og tryggingar fyrir síðari greiðslum. Einar mun hafa fengið neitun á ábyrgð hjá bænum, en hann kom og greiddi fyrsta framlag sitt í gjalddaga og kom auk þess með ábyrgð frá mágkonu sinni, Guðríði Jónsdóttur, Bergþórugt. 59, hjúkrunarkonu, fyrir greiðslu eftirstöðva framlagsins í rétta gjalddaga. Honum var úthlut-

BYGGINGAFÉLAG ALÞYÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 18/7/36

að íbúð. Guðmundur ætlaði að fá bankalán, en tókst það ekki og kom ekki heldur með tryggingu og var því neitað um íbúð eins og Carl Löve.

Nákvæmlega sömu reglu hefir því verið fylgt um alla styrkþega bæjarins.

Vér væntum að það komi ljóst fram af þessari umsögn vorri að kærumál Carl Löve eru á engum rökum reist, og að vér höfum fylgt sömu reglum um hann eins og aðrir umsækjendur, sem eins hefir staðið á fyrir, og að fyrir oss hefir aðeins vakað að gera öllum umsækjendum jafnrétt og þó gæta hagsmuna félagsins, hvað snertir öryggi um greiðslur.

Virðingarfyllst,

BYGGINGARFÉLAG ALÞYÐU

Kristinn Þaðmásson
forseti
Guðm. Þjetursson